

71.fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 30. janúar 2017 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Kristjana Helga Ólafsdóttir formaður
Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir
Kristján Sveinsson
Margrét Magnúsdóttir
Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna
Hallveig Skúladóttir hjúkrunarforstjóri
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

- 1) **Vistunarmál**
Samþykkt vistun þriggja einstaklinga, sjá trúnaðarbók.
- 2) **Viðburðaryfirlit**
Lagt fram viðburðaryfirlit fyrir tímabilið 20. desember 2016 til 30. janúar 2017.
- 3) **Rekstraryfirlit Höfða 1. janúar til 30. nóvember 2016**
Lagt fram.
- 4) **Samkomulag um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum Höfða**
Undirritaður samningur Höfða, Akraneskaupstaðar, ríkissjóðs Íslands, Brúar lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga um fullnaðaruppgjör lífeyrisskuldbindinga Höfða. Stjórn Höfða samþykkir samninginn og vill við þetta tækifæri færa sérstakar þakkir til Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra og Ólafs Adolfssonar formanns bæjarráðs fyrir þeirra framlag við lausn málsins.
- 5) **Ráðningarbréf um endurskoðun**
Ráðningarbréf um endurskoðun ásamt almennum viðskiptaskilmálum við Endurskoðunarstofuna Álit ehf.
Lagt fram.
- 6) **Bréf til velferðarráðuneytis dags. 28. desember 2016**
Í ljósi fjárlaga 2017, þar sem gert er ráð fyrir viðbót upp á 700 milljónir króna til hjúkrunar- og dvalarrýma, var send beiðni frá Höfði til velferðarráðuneytisins um fjölgun hjúkrunarrýma um fjögur.
Lagt fram.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the name 'Ólafur' and initials 'HS' and 'G.M.'.

7) Endurnýjun bifreiðar fyrir ferðapjónustu fatlaðra

Verðkönnun fór fram vegna kaupa og breytinga á þjónustubifreið fyrir ferðapjónustu fatlaðra og aldraðra á Akranesi og voru verðboð opnuð þann 22. desember 2016. Eitt verðboð barst í verkið:

BL. Kr. 10.967.853

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 12.000.000

Stjórn Höfða veitir framkvæmdastjóra heimild til að ganga frá verkamningi við bjóðanda á grundvelli verðboðsgagna. Fjármögnun kaupa verður í samræmi við samning um ferðapjónustu fyrir aldraða og fatlaða við Akraneskaupstað.

8) Breytingar á húsnæði Höfða

Framkvæmdastjóri fór yfir framvindu og kostnað varðandi breytingar á húsnæði Höfða.

9) Önnur mál

Ólína Ingibjörg varaformaður stjórnar hvað sér hljóðs og vildi þakka fyrir ánægjulegt samstarf í stjórn Höfða.

Stjórn Höfða vill þakka Ólínu Ingibjörgu fyrir gott samstarf og henni er óskað velfarnaðar í nýju starfi sem hjúkrunardeildarstjóri á Höfða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.10

Ingjanna H. Daufeldottir
Stjórn Höfða
Ólína Ingibjörg Gunnarsd.
Halldis Guðnadóttir
Guðrún Magnúsdóttir
Margrjet Magnúsdóttir
Viktor Viktorsson